

1994

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 245/1995.

Örn Hólm

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Óskari Ingiberssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Kærumál. Aðild. Sjómenn. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. júní 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. júlí. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, sem kveðinn var upp 21. júní 1995, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, „að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað til löglegrar meðferðar fyrir héraðsdómi á ný, hvað varðar fjárkröfu kæranda“. Hins vegar fellst sóknaraðili á frávísun kröfu um viðurkenningu á sjóveðsrétti. Sóknaraðili krefst auk þess málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili var stýrimaður á fiskiskipinu Albert Ólafssyni árið 1993, en skipið bar þá einkennisstafina KE 39. Einnig gegndi hann stöðu skipstjóra á skipinu í stuttan tíma sama ár. Skriflegir ráðningarsamningar, sbr. 6. og 42. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, liggja ekki fyrir í málinu.

Af gögnum þeim, sem sýna, að skipið var árið 1993 í eigu varnaraðila og sona hans, Karls og Ingibers, verður ekki ráðið, hver gerði skipið út. Af hálfu varnaraðila er ekki vefengt, að hann hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, verið aðili ráðningarsamninga, sem gerðir voru við sóknaraðila um skiprúm. Hins vegar er því haldið fram af hans hálfu fyrir Hæstarétti, að einnig beri að stefna fyrrgreindum sonum sínum.

Ekki verður fallist á, að varnaraðili beri í skilningi 18. gr. laga nr.

91/1991 óskipta skyldu með Karli og Ingiber Óskarssonum um kröfur sóknaraðila til launa eða aflahlutar. Skiptir þá ekki máli, hvort allir eigendur skipsins eigi aðild að skiprúmssamningum þeim, sem sóknaraðili reisir kröfur sínar á. Var sóknaraðila því heimilt að beina síðargreindum kröfum að varnaraðila einum. Verður málinu því ekki vísað frá á þeim grundvelli, sem gert er í héraðsdómi.

Af þessum ástæðum ber að taka kröfu sóknaraðila til greina að öðru leyti en því, að rétt þykir, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi um aðrar kröfur en viðurkenningu á sjóveðsrétti. Er málinu vísað til löglegrar meðferðar fyrir héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 21. júní 1995.

Stefnandi máls þessa er Örn Hólm, kt. 220163-7849, Sunnubraut 21, Gerðahreppi. Stefnt er Óskari Ingiberssyni, kt. 010723-4939, Njarðargötu 7, Keflavík. Mál þetta var höfðað í tvennu lagi. Stefna í frumsök var út gefin 12. október 1994 og málið höfðað með birtingu hennar fyrir stefnda 24. október. Það var þingfest 9. nóvember 1994. Stefna í framhaldssök var út gefin 2. mars 1995 og málið að því leyti höfðað með birtingu stefnunnar fyrir stefnda 3. mars. Framhaldssök var þingfest 10. mars sl. Málið var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 2. júní 1995.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 548.569 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 37.460 kr. frá 14. 9. 1993 til 1. 4. 1994, en af 548.569 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess, að sér verði dæmd lægri fjárhæð úr hendi stefnda að mati dómsins.

Þá krefst stefnandi þess, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. 9. 1994.

Jafnframt þessu krefst stefnandi þess, að staðfestur verði sjóveðsréttur í v/b Albert Ólafssyni, HF-39, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefnandi krefst málskostnaðar að skaðlausu í báðum tilvikum að mati réttarins auk virðisaukaskatts.

Stefndi krefst þess,

að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnanda gegn greiðslu 37.460 kr. auk dráttarvaxta frá 14. september 1993 til greiðsludags.

Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málsatvik og ágreiningur aðila.

Stefnandi var skráður skipverji á skipi stefnda, Albert Ólafssyni, HF-39, árið 1993 sem hér segir: frá 6. til 14. ágúst sem skipstjóri, frá 3. til 17. september sem stýrimaður, frá 17. til 30. september sem skipstjóri, frá 30. september til 14. október sem stýrimaður og frá 27. október til 31. desember sem stýrimaður.

Forsendur og niðurstöður.

Í máli þessu er Óskari Ingiberssyni einum stefnt fyrir hönd útgerðar Alberts Ólafssonar, HF-39. Samkvæmt fram lögðu, þinglýstu afsali og beiðni um skráningu skipsins á aðalskipaskrá eru eigendur skipsins þrír: Óskar Ingibersson, stefndi í máli þessu, og synir hans tveir, Karl Ó. Óskarsson og Ingiber Óskarsson. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 91/1991 var stefnanda skylt að stefna þeim öllum í máli þessu, til þess að hann gæti fengið dóm fyrir kröfum sínum. Svo var ekki gert, og ber því skv. 2. mgr. nefndrar lagagreinar að vísa máli þessu frá dómi án kröfu.

Málskostnaður.

Samkvæmt 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber að dæma stefnda málskostnað úr hendi stefnanda. Þykir hann hæfilega ákveðinn 100.000 kr.

Dóm þennan kveða upp Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari, dómsformaður, og meðdómendurnir Einar S. Hálfánarson, héraðsdómsslögmaður og löggiltur endurskoðandi, og Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

Stefnandi, Örn Hólm, greiði stefnda, Óskari Ingiberssyni, 100.000 kr. í málskostnað.